# 91. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 17. september 2018 og hófst hann kl. 08:15.

**Fundinn sátu:**
Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1806114 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - grenndarkynning Baugalundur 8**

Deiliskipulagbreytingin felst í að færa bílastæði og bundna byggingarlínu frá norðvesturhorni lóðarinnar að suðausturhorni. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Baugalund 3, 4, 5, 6 og 10.
Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 6. ágúst til og með 4. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**2. 1807091 - Deilisk. Sementsreits - v. Faxabraut 11 /sementstankar**

Breytingin felst í að setja upp rykræsigeymslu og þvottaplan á lóð nr. 11. við Faxabraut. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Faxabraut 9 og Mánabraut 4, 6a og 6b.
Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 15. ágúst til og með 14. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 1807090 - Garðabraut 1 - grenndarkynning byggingarleyfis.**

Breytingin felst í að breyta notkun húsnæðisins við Garðabraut 1 úr félagsheimili í starfsmannabústað.
Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum á Garðabraut 3, 4, 5, 6 og Skarðsbraut 1, 3 og 5.
Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 6. ágúst til og með 4. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt.*

**4. 1808133 - Deilisk. Skógahverfi 2. áf. - v. Akralundar 13 - 23**

Deiliskipulagbreytingin felst í að fella niður bundna byggingarlínu. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Eyrarlund 2-4-6-8, Akralund 7-9-11 og nr. 6. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 24. ágúst til og með 24. september 2018.
Þeim lóðarhöfum sem grenndarkynnt var fyrir hafa skilað inn samþykki sínu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**5. 1703210 - Reglur um aukabílastæði á lóð**

Kynning á vinnu við leiðbeinandi reglur um aukabílastæði á lóð.

*Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram fyrir næsta fund.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.**